

1157. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. febrúar 2017, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir (varam. fyrir Pál Örn), Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson (varam. fyrir Benóný), Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1156. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1156. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál – staðan

Ólafía Björk sagði lítið hafa breyst frá því efni sem fjallað var um nýlega á fundi með trúnaðarráði og trúnaðarmönnum ásamt Ríkissáttasemjara. Sá fundur hefði verið mjög góður og gott fyrirkomulag, góðar umræður o.sfrv.

Forsenduákvæði kjarasamnings verða að liggja fyrir 28. febrúar nk. og nú sé verið að bíða eftir tölum frá Hagstofu Íslands. Framlög til 600 íbúða er það sem litði er til en enn vantar að gera ráð fyrir kostnaði við 300 íbúðir í fjárlögum og verðum við að bíða og sjá hverju fram vindur í þeim efnum.

Miklar umræður hafa verið undanfarið um jafnlaunavottun og við höfum skoðað frumvarp ríkisstjórnarinnar og þar er margt sem við erum ekki sammála t.d. það að Jafnréttisstofa eigi að vera með eftirlit. Við sjáum þetta sem okkar kjaramál taka það inní kjarasamninginn – þannig getum við fylgt málinu eftir. Það verður fundað um málið frekar í breiðari hópi á föstudag.

Ragnar Þór mætti hér til fundar kl. 17:45

Ólafía Björk vakti því næst athygli á skjalinu „*Efnahagsyfirlit VR – febrúar 2017*“ sem lagt hafði verið fram og fór yfir helstu punkta úr því.

Umræður.

3. Aðalfundur VR 28. mars 2017

Ólafía Björk ræddi komandi Aðalfund félagsins en lagt er til að hann verði haldinn á Nordica Hilton Hótel Reykjavík þann 28. mars 2017 og hefjist kl. 19:30. Þá er lagt til að fundarstjóri verði Guðmundur B. Ólafsson lögmaður VR og fundarritari Árni Leósson sviðsstjóri. Síðan verði kosnir endurskoðendur en eins og fundarmönnum er kunnugt verður nú skipt um endurskoðunarstofu og var í því sambandi efnt til verðkönnunar.

Nokkrir komu til greina en mælt er með stofunni KPMG og verður það tillaga okkar. Mun það leiða til nokkurs sparnaðar m.v. fyrirliggjandi tilboð þeirra.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp til atkvæða þær tillögur um tilhögun Aðalfundar og endurskoðendur sem hér eru að ofan nefndar.

Samþykkt samhljóða.

4. Lagabreytingar sem lagðar verða fyrir aðalfund

Kristjana Þorbjörg, formaður laganefndar VR, lagði fram skjalið „*Drög að lagabreytingum fyrir aðalfund 2017*“ og gat þess að nefndin hefði hist nokkrum sinnum og unnið þessar tillögur. Fór hún næst yfir efni skjalsins lið fyrir lið en það voru drög að 9 lagabreytingum og eru þær eftirfarandi:

Breyting nr. 1 Drög að breytingatillögu á 1. gr laga VR um starfssvæði

Núverandi hljóðan:

„1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Álftaness, Kjósahrepps, Vestmannaeyja, Húnaþings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.“

Verði:

„1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Álftaness, Kjósahrepps, Vestmannaeyja, **Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu**, Húnaþings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.“

Breyting nr. 2

Drög að breytingatillögu á 3. gr laga VR um félagsaðild

Núverandi hljóðan:

„3. gr. Félagsaðild

.....

Félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna örorku geta verið áfram félagsmenn þó án þess að njóta kjörgengis í félaginu, gegn greiðslu félagsgjalds til VR hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélaga. Skulu þeir hafa verið félagsmenn í VR óslitið í 5 ár áður en til örorku kom...„

Verði:

3. gr. Félagsaðild

Félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna örorku geta verið áfram félagsmenn þó án þess að njóta kjörgengis í félaginu, gegn greiðslu félagsgjalds til VR hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélaga. Skulu þeir hafa verið félagsmenn í VR óslitið í 5 ár áður en til örorku kom **og skal greiðsla félagsgjalda með þessum hætti hefjast eigi síðar en innan 12 mánaða frá fyrstu greiðslu örorkulífeyris.**

Breyting nr. 3

Drög að breytingatillögu á 6. gr laga VR um úrsögn

Núverandi hljóðan:

„6. gr. Úrsögn

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og send skrifstofu félagsins. Enginn getur þó sagt sig úr félaginu, eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst eða ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin af félaginu eða trúnaðarráði og þar til vinnustöðvuninni hefur verið formlega aflýst. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf

félagsmeðlima innan Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og Alþýðusambands Íslands, er lagt hafa niður vinnu vegna vinnudeilu.“

Verði (breyting rautt):

6. gr. laga VR - Úrsögn

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og send skrifstofu félagsins. Enginn getur þó sagt sig úr félaginu, eftir að **kröfugerð í vinnudeilu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara og þar til samningar hafa náðst**. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmeðlima innan Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og Alþýðusambands Íslands, er lagt hafa niður vinnu vegna vinnudeilu.

Breyting nr. 4

Drög að breytingatillögu á 11. gr laga VR um hæfi stjórnarmanna

Núverandi hljóðan:

„11. gr. Hæfi stjórnarmanna

.....

Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR.,,

Verði (breyting rautt):

11. gr. Hæfi stjórnarmanna

.....

Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR. **Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins.**

Breyting nr. 5

Drög að breytingatillögu á 20. gr laga VR um kosningu í trúnaðarráð

Núverandi hljóðan:

„20.2. Um kosningu í trúnaðarráð

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.“

Verði (breyting **rautt**):

20.2. Um kosningu í trúnaðarráð

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn. Missi trúnaðarráðsmaður hæfi til setu í ráðinu sbr. 3 mgr. 11. gr. á fyrsta ári kjörs hans, skal í næstu kosningu til trúnaðarráðs fjöldi fulltrúa á framboðslista vera aukinn umfram 41 sem nemur þeim fjölda sem misst hefur hæfi. Þeir sem bætast þannig við framboðslistann skulu þó aðeins vera í kjöri til eins árs.

Breyting nr. 6

Drög að breytingatillögu á 21. gr laga VR um kjör á þing LÍV og ársfund ASÍ

Núverandi hljóðan:

„21. gr. Kjör á þing LÍV og ársfund ASÍ

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna og ársfund Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.“

Verði:**21. gr. Kjör á þing LÍV og ársfund ASÍ**

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og ársfund Alpýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. **Komi til allsherjaratkvæðagreiðslu um lista fulltrúa þarf samþykki allra þeirra sem á listanum eru að liggja fyrir. Til að listi sem borinn er fram gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR sé löglega fram borinn þarf hann skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.** Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.

Breyting nr. 7**Drög að breytingatillögu á 23. gr laga VR
um Aðalfundi****Núverandi hljóðan:****„23. gr. Aðalfundir**

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi og/eða dagblöðum með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.,,

Verði (breyting **rautt):****23. gr. Aðalfundir**

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi, **dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt** með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Breyting nr. 8

Drög að breytingatillögu á 25. gr laga VR um félagsfundi

Núverandi hljóðan:

„25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 200 félagsmenn krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í dagblöðum og helstu netmiðlum með minnst tveggja daga fyrirvara.

Verði:

25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en **300** félagsmenn krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður **með auglýsingu í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt** með minnst tveggja daga fyrirvara.

Breyting nr. 9

Drög að breytingatillögu á 28. gr laga VR um lagabreytingar

Núverandi hljóðan:

„28. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögmætum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjaratkvæðagreiðslu.

.....

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.

.....

Verði:

28. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögmætum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjarkvæðagreiðslu.

.....

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. **Á aðalfundi er eingöngu heimilt að gera breytingartillögur við þær lagabreytingar sem lagðar hafa verið fyrir félagsstjórn með þessum hætti. Aðrar breytingatillögur verða ekki teknar fyrir.** Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.

Umræður.

Í umræðum komu fram ábendingar um að skoða mætti nánar orðalag starfssvæða s.s. vegna þess að Álftanes tilheyri nú Garðabæ og mætti því sleppa og síðan hvort ekki mætti frekar notast við prósentuhlutfall af fjölda félagsmanna í ákvæðum í tillögum nr. 6. og 8. hvað varðar fjölda meðmælenda.

Var því ákveðið að fresta því að greiða atkvæði um breytingartillögur nr. 1, 6. og 8. og laganefnd muni hittast á stuttum fundi til að fara yfir það og síðan yrði málið afgreitt með samþykki í tölvupósti meðal stjórnarmanna.

Breytingartillögur nr. 2, 3,4,5,7 og 9 voru þá bornar upp til atkvæða.

Samþykktar samhljóða.

5. Kaup á orlofshúsum

Sigurður, formaður stjórnar orlofssjóðs VR, rifjaði upp samþykki stjórnar á tillögum orlofsstjórnar um að varið yrði 500 milljónum króna til kaupa á nýjum orlofsíbúðum og húsum. Einnig að af því tilefni hafi verið gerð breyting á stefnu félagsins í orlofsmálum. Markaðurinn hefur verið skoðaður gaumgæfilega af starfsmönnum VR og þótt mikið sé af húsum til sölu komu þó fá þeirra til greina fyrir okkur m.v. þær kröfur sem við gerum til húsa. Tillaga er nú frá orlofsstjórn um kaup á 3 íbúðum á Akureyri, 2 í Hálöndum við Akureyri og 3 í Húsafelli og er kostnaður við það metinn á 217 milljónir

kr. Ef af því yrði myndu þau tilbúin fyrir sumarið og íbúðirnar á Akureyri svo til strax en kauptilboð hafa verið gerð í þessar eignir með fyrirvara um samþykki stjórnar.

Stefán tók þá til máls og lagði fram skjalið „*Kaup á orlofshúsum/íbúðum – stjórnarfundur VR 9. febrúar 2017*“ og fór yfir efni þess en það var nánari útlístaun og myndir af þeim íbúðum og húsum sem Sigurður hafði nefnt og orlofsstjórn leggur til að verði keypt.

Umræður.

Að lokum var borið upp til atvæða hvort kaupa skyldi þær 8 eignir sem nefndar höfðu verið þ.e.:

3 íbúðir að Skipagötu 5 Akureyri

2 orlofshús í „Hálöndum“ í Hlíðarfjalli við Akureyri

3 orlofshús í Húsafelli (2 í Stórarjóðri og eitt í Kiðárbotnum)

Að auki að gefa heimild til þess að selja íbúð okkar að Furulundi 8 Akureyri.

Allt samþykkt samhjóða.

Stefán hélt þá kynningu áfram og kynnti 2 áhugaverð orlofshús sem eru til sölu í landi Búrfells.

Umræður.

Að loknum umræðum var borin upp sú tillaga að gera kauptilboð í þessar tvær eignir í landi Búrfells.

Samþykkt samhjóða.

6. Gjaldmiðlasamningar hjá LIVE

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Minnisblað*“ dags. 8. febrúar 2017 en ekki er getið höfundar þess nema sem „XXX“. Efni þessa minnisblaðs XXX snerist um lögmæti framvirkra gjaldeyrissamninga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) í aðdraganda hruns íslensku bankanna og mögulega ábyrgð fyrrum stjórnenda sjóðsins.

Ragnar Þór fór yfir helstu atriði minnisblaðsins en þar kom m.a. fram að XXX telur að með hliðsjón af niðurstöðum héraðsdóms í s.k. Lífsverksmáli og í ljósi orðalags laga er fjalla um fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða sé það niðurstaða XXX að stjórn og framkvæmdastjóri LV hafi með ákvörðunum sínum um gerð framvirkra gjaldeyrissamninga í því magni sem gert var valdið LV tjóni með saknæmum og ólöglegum hætti. Hafi þeir þannig bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart sjóðnum.

Ragnar Þór sagðist lengi hafa verið að undirbúa einkamálsókn vegna þessa en honum hafi verið ráðlagt af lögmannsstofu að hinkra með málið þar til nú þar sem nú liggi nokkurn veginn fyrir hvert tjónið hafi orðið og svo einn dómur fallinn þ.e. í Lífsverksmálinu. Best væri ef við sem stjórn VR tækjum slaginn saman. Málið snúist um að ganga á stjórnendatryggingar en ekki að reyna að knésetja einstaklinga. Vill hann fá að vita hvort stjórn VR sé tilbúin að taka þennan slag með honum eða hvort hann sem einstaklingur þurfi að ganga í þetta mál.

Áður en umræður hófust um þetta mál bað Ólafía Björk Stefán um að renna stuttlega yfir sögu málsins og fyrri umfjöllun í stjórn VR. Stefán fór þá næst yfir tímalínu atburða allt þar til málinu var vísað frá á stjórnarfund 12. desember 2012. Málið hófst í raun árið 2008 er gjaldmiðlavarnarsamningar voru gerðir sem afleiður til að minnka áhættu sjóðsins. Deilt sé um hvort að það hafi svo orðið til þess að minnka eða auka áhættu sjóðsins.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp þá tillögu að vísa málinu til skoðunar hjá lögmanni VR, Guðmundi B. Ólafssyni, áður en frekari ákvarðanir yrðu teknar og myndi hann skila okkur minnisblaði um málið.

Samþykkt samhljóða.

Fundi var slitið kl. 20:30
Árni Leósson, fundarritari